

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 221/2012****2013/EES/18/17****frá 7. desember 2012****um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 228/2011 frá 7. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 að því er varðar prófunaraðferð fyrir veggrip hjólbarða í flokki C1 á blautum vegi <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/335/ESB frá 10. júní 2010 um leiðbeiningar fyrir útreikning á kolefnisbirgðum lands að því er varðar V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Tilskipun 2009/28/EB tekur ekki til Liechtensteins og því á ákvörðun 2010/335/ESB ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði IV. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 43. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009):

„eins og henni var breytt með:

- **32011 R 0228**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 228/2011 frá 7. mars 2011 (Stjtið. ESB L 62, 9.3.2011, bls. 1)“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 43. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009):

„44. **32010 D 0335**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/335/ESB frá 10. júní 2010 um leiðbeiningar fyrir útreikning á kolefnisbirgðum lands að því er varðar V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB (Stjtið. ESB L 151, 17.6.2010, bls. 19).

Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 228/2011 og ákvörðunar 2010/335/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 9.3.2011, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 151, 17.6.2010, bls. 19.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.